



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi umferðarspegil við Markarveg við Fossvogsveg (US210242).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Bent hefur verið á að umferðarspegill við Markarveg við Fossvogsveg hefur verið ónothæfur og í ólagi á þriðja ár. Umferðarspegill þarna eykur umferðaröryggi og því mikilvægt að koma þessu í lag sem fyrst. Hvenær má búast við að nýr umferðarspegill verði settur upp?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 6. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Samkvæmt upplýsingum skrifstofunnar er umferðarspegillinn á gatnamótum Markarvegar og Fossvogsvegar í eðlilegu ástandi. Meðfylgjandi er mynd af speglinum sem tekin var 2. nóvember síðastliðinn.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Mynd af umferðaspegli við Markarveg, dags 2. nóvember 2021.

